



DKG

INTERNATIONAL SOCIETY
FOR KEY WOMEN EDUCATORS

Haust 2015

*Félag kvenna í fræðslustörfum
á Íslandi*

Aðventuljóð

*Upplýst aðventan
gengin í garð og borgin
viðóma breiðmynd*

*á desembermorgni
ösla krapið
þykist eiga
erindi*

*hnykla brýnnar
kreppi hnefa
hvar ó hvar.....*

*sigli hraðbyri
áfram veginn.*

*Ingibjörg Haraldsdóttir
(úr „Hvar sem ég verð“ frá árinu 2002)*

Jólakveðjur frá samskipta- og útgáfunefnd



Kæru DKG systur!

Fyrsta fréttabréf núverandi ritnefndar lítur hér dagsins ljós. Í blaðinu kennir að venju margra grasa. Hæst ber fréttir frá landsambandsforseta og deildum ásamt frásögnum af Evrópuþinginu í sumar og fjörutíu ára afmælishátíð DKG á Íslandi um daginn.

Af fréttum frá landsambandsforseta og deildum má sjá að starf samtakanna er öflugt og áhugavert. Starf deildanna úti um allt land er fjölbreytt, eins og vera ber. Við erum virkar og styrkjum starfið, eins og felst í núverandi einkunnarorðum okkar. Og ekki er minnst um vert að njóta samverunnar og styrkja tengslanet okkar. Einnig er í fréttabréfinu að finna efni tengt þeim árstíma sem nú ríkir. Vonandi njótið þið þess og komist í hátíðarskap.

Samskipta- og útgáfunefnd DKG óskar ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Sólborg Alda Pétursdóttir
Valgerður Magnúsdóttir
Sigrún Kristín Magnúsdóttir
Kappadeild



Pistill frá landssambandsforseta Eygló Björnsdóttur

Kæru félagar í Delta Kappa Gamma.

Það er ekki að sjá að veturinn sé skollinn á ef marka má veðurfarið undanfarnar vikur. Sú er nú samt raunin og eftir örfáar vikur gengur jólahátíðin í garð sem vonandi færir okkur frið og gleði í hjarta.

Lokapunkturinn á starfi síðustu landssambandsstjórnar var landssambandsþingið sem haldið var í Reykjavík 9.–10. maí síðastliðinn. Yfirskrift þingsins var: *Að vera tengdur – uppspretta skólaþróunar og skapandi leiða í námi*. Undir þeim hatti voru fluttir fimm fyrirlestrar sem á einn eða annan hátt tengdust þessu þema.

Tamyra Burnett-Telles, sem starfar nú sem aðstoðarskólalastjóri í alþjóðlegum grunnskóla í Svíþjóð en er menntaður tónlistarkennari frá Flórída, flutti fyrirlestur sem hún nefndi: *Að bæta námsárangur gegnum tónlist*. Tamyra fékk styrk frá International Speakers Fund (einn af sjóðum alþjóðasambandsins) til að heimsækja okkur með erindi sitt.

Rannveig Björk Þorkelsdóttir, doktorsnemi í kennslufræði leiklistar og leiklistarkennari, flutti erindið: *Er kominn tími fyrir leiklist?* Hún lagði áherslu á að framgangur leiklistar sem listgreinar yrði tryggður innan grunnskólans. Leggja þyrfti áherslu á að námsgreinin væri notuð innan skólanna sem sjálfstæð listgrein og samþætt öðrum greinum.

Frímann Kjerúlf, myndlistarmaður og eðlisfræðingur, sagði frá stærðfræðiáfanga sem kenndur hefur verið til stúdentsprófs í Myndlistarskólanum í Reykjavík, þar sem vísindi og stærðfræði eru kennd út frá sjónarhóli og þörfum myndlistar og hönnunar. Fyrirlesturinn nefndi hann: *Um tengsl myndlistar og stærðfræði*.

Kristín Jónsdóttir lektor og **Anna Kristín Sigurðardóttir**, dósent á menntavísindasviði Háskóla Íslands, fluttu fyrirlesturinn *Starfshættir í grunnskóla við upphaf 21. aldar*. Í erindinu kynntu þær rannsókn með sama nafni, gáfu innsýn í meginniðurstöður og fjölluðu m.a. um gildi samstarfs og teymisvinnu fyrir starfsánægju og skólaþróun.



Síðasta fyrirlesturinn flutti **Rákel G. Magnúsdóttir**, upplýsingatæknikennari og ráðgjafi. Hún sagði frá nokkrum verkefnum þar sem tæknin hefði opnað gáttir milli ólíkra sviða og greina og gefið tækifæri til skapandi vinnubragða í erindi sem hún nefndi: *Reynslusögur af vettvangi*. Vinnusmiðjur þar sem þær Rákel og Tamyra buðu þátttakendum að kynnast af eigin raun þeim leiðum sem þær ræddu í fyrirlestrum sínum var svo endapunkturinn á þessari fróðlegu dagskrá.

Að lokinni þessari fræðsludagskrá var haldið í Sjóminjasafn Reykjavíkur með viðkomu í ver sluninni Kraum þar sem fræðst var um ver slunina og það handverk sem þar er í boði. Einnig var stansað á nokkrum sögustöðum á leiðinni. Í Sjóminjasafninu var dr. Sigrún Klara Hannesdóttir heiðruð fyrir vel unnin störf í þágu samtakanna og boðið var upp á fjölbreytta fingrarétti af hlaðborði undir ljúfum tónum Kristjónu Stefánsdóttur söngkonu. Við óskum Sigrúnu innilega til hamingju.

Á sunnudeginum var aðalfundur landssambandsins haldinn með hefðbundnum aðalfundarstörfum. Ný stjórn var kosin til næstu tveggja ára, en auk mín sitja í henni þær Kristín Jónsdóttir, Gammadeild, Sigríður Johnsen, Kappadeild, Jónína Eiríksdóttir, Deltadeild, og Inga María Ingvarsdóttir, Þetadeild. Jensína Jensdóttir, Deltadeild, verður áfram gjaldkeri landssambandsins og Auður Torfadóttir, Etadeild, lögsögumaður. Guðbjörg M. Sveinsdóttir, Þetadeild, fráfarandi formaður, starfar með stjórninni.

Evrópuþing samtakanna var haldið í Borås í Svíþjóð dagana 5.–8. ágúst. Þingið sóttu 12 konur héðan frá Íslandi og var gerður góður rómur að þinginu. Margar íslensku kvennanna fluttu þar erindi, ýmist um menntamál í víðu samhengi eða málefni sem varða starfsemi samtakanna sjálfra. Nánar er fjallað um þingið á öðrum stað hér í fréttabréfinu.



Á landssambandsþinginu í vor var dr. Sigrún Klara Hannesdóttir heiðruð fyrir störf sín í þágu Delta Kappa Gamma á Íslandi.

Formenn deilda og stjórn landssambandsins hittust á framkvæmdaráðsfundi 12. september. Þar var farið yfir hlutverk formanna deilda og framkvæmdaráðs og starfsemi deilda rædd. Nefndir á vegum landssambandsins voru kynntar og bendi ég ykkur á að hafa samband við nefndarkonur ef þið hafið fyrirspurnir eða ábendingar til viðkomandi nefnda. Upplýsingar um nefndirnar má nálgast á heimasíðunni. Dr. Sigrún Klara Hannesdóttir kynnti alþjóðastarfið og þá styrki sem við eigum kost á að sækja um. Átta íslenskar konur sitja fyrir hönd Evrópu í alþjóðlegum nefndum og getum við verið stoltar af framlagi okkar til alþjóðastarfsins þó vissulega megi alltaf gera betur. Ég vil hvetja ykkur til að gefa kost á ykkur í þessar nefndir í vor þegar skipað er í nefndir fyrir árin 2016–18 og eftir því verður leitað og endilega verið duglegar að sækja um þá styrki sem við eigum kost á, hvort heldur er til náms eða menntatengdra verkefna sem þið vinnið að.

Á framkvæmdaráðsfundinum völdum við einkunnarorð okkar fyrir næstu tvö árin. Þau eru: „**Verum virkar – styrkjum starfið**“. Þar er höfðað til virkni í víðum skilningi. Margar okkar mæta vel á fundi deilda sinna, en erum við bara þögulir þiggjendur eða gefum við kost á okkur í ýmislegt sem að deildarstarfinu snýr? Tökum við þátt í þingum og öðrum viðburðum hér heima og erlendis? Gefum við kost á okkur í nefndir landsambandsins eða í alþjóðastarfið? Þannig mætti spyrja áfram.



Íslenskar konur hafa verið öflugar innan samtakanna, meðlimum hefur fjölgað og til okkar er litið innan samtakanna sem öflugra og virkra kvenna. Það orðspor viljum við ekki missa. Einkunnarorðin hjá síðustu stjórn voru: **Styrkjum tengsl til framtíðar**. Með því að vera virkar í öllu starfi innan DKG kynnumst við fleiri konum innan og utan deildar og styrkjum tengslanetið, en gott tengslanet er afar nauðsynlegt á okkar tímum.

Ákveðið hefur verið að vorþingið verði í Reykjavík 30. apríl næstkomandi og eru félagar í Gamma- og Lambdadeild búnar að taka að sér að skipuleggja ytri umgjörðina og Menntamálanefndin er komin á fullt við að skipuleggja dagskrána. Tökum daginn frá og fjölmönnum. Alþjóðþingið verður svo í Nashville í Tennessee dagana 5.–9. júlí næstkomandi og gaman væri nú ef við íslensku konurnar fjölmenntum.

Ég hef nú þegar heimsótt Mýdeildina hér fyrir norðan og vonast eftir að geta heimsótt fleiri deildir á þessum vetri. Í tengslum við samskipti vil ég minna á tæknina sem við getum notfært okkur. Hægt er t.d. að nota forrit eins og Skype ef ekki er unnt að eiga í samskiptum á annan hátt, t.d. ef félagskona dvelur langdvölum erlendis eða getur ekki mætt á fundi af annarri ástæðu. Svo gætu deildir líka prófað að eiga í slíkum vinasamskiptum á milli deilda. Ég minni líka á Facebook-hópinn okkar en þangað geta allir meðlimir sett inn fréttir og efni frá starfinu og því sem félagskonur eru að fást við í sínu daglega amstri. Þannig færumst við nær hver annarri.

Ég vil ljúka þessum pistli mínum á að þakka afmælisnefndinni og öllum sem þátt tóku, fyrir yndislega samveru þann 7. nóvember síðastliðinn þegar við héldum upp á 40 ára afmælið okkar með glæsibrag. Tæplega 90 konur mættu á hátíðadagskrána og voru þar fulltrúar frá flestum deildum. Mjög góður rómur var gerður að málþinginu og þeim erindum sem þar voru flutt, ráðherra tók höfðinglega á móti okkur og kvölddagskráin heppnaðist með ágætum. Efni sem tengist afmælishaldinu má finna á heimasíðunni á slóðinni *Stiklur úr starfinu – 40 ára afmæli DKG*. Einnig eru myndir frá afmælinu komnar í myndaalbúm á heimasíðunni. Nánar er fjallað um afmælið á öðrum stað hér í fréttablaðinu.

Að endingu vona ég að þið eigið ánægjulegt vetrarstarf fyrir höndum og óska ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs.

F.h. landssambandsstjórnar í nóv. 2015
Eygló Björnsdóttir,
forseti DKG á Íslandi



Þessar kláru konur undirbjuggu landssambandsþingið.

Evrópuþing Delta Kappa Gamma 2015 **haldið í Borås í Svíþjóð 5.–8. ágúst** **Education – A Lifelong Dedication**



Sól og blíða tók á móti þreyttum íslenskum fulltrúum DKG sem söfnuðust saman á ráðstefnuhótelinu í Borås þriðjudaginn 4. ágúst, sumar eftir hremmingar á leiðinni. Allar náðu á leiðarenda, hristu af sér ferðarykið, dubbuðu sig upp og hittust til skrafs og ráðagerða. Eygló Björnsdóttir, forseti DKG á Íslandi, var mætt degi fyrr, þar sem hún sat fundi Evrópuforsetanna. Þingið sóttu konur frá átta Evrópulöndum, Bandaríkjunum, Kosta Ríka og Mexíkó. Alls sóttu 13 konur frá Íslandi þingið. Voru flestar með hlutverk og sumar fleiri en eitt.

Miðvikudagurinn 5. ágúst var einn af hlýjstu dögum sumarsins í Svíþjóð. Við höfðum í nógu að snúast við undirbúning kynninga á alþjóðanefndum sem sjö íslenskar konur sitja í. Þær eru Sjöfn Sigurbjörnsdóttir, Alfadeild, í Nominations-nefnd, Auður Torfadóttir, Etadeild, í Constitution-nefnd, Ingibjörg Jónasdóttir, Gammadeild, sem er formaður í Membership-nefnd, Guðný Helgadóttir, Gammadeild, í Educational Excellence-nefnd, undirrituð, Alfadeild, í Scholarship-nefnd, Eygló Björnsdóttir, Betadeild, í World Fellowship-nefnd og Dagbjört Ásgeirsdóttir, Mýdeild, í Educators Award-nefnd. Dagbjört átti ekki heimangengt og tók Hertha Jónsdóttir að sér hennar hlutverk.

Allar nefndirnar voru með áhugavert kynningarefni. Ég var með eins konar gjörning í kaffihléi og fékk nokkrar konur, þeirra á meðal dr. Barböru Day, fyrrverandi alþjóðaforseta, til að ganga um með skilti og spyrja konur hvort þær vissu að styrkur til doktorsnáms væri 10 þúsund dollarar og sex þúsund til mastersprófs. Þær sem voru svona elskulegar fengu „one dollar“ súkkulaði fyrir ómakið. Sú nýjung var að Nominations-, Golden Gift- og Scholarship-nefndirnar héldu sameiginlegan kynningarfund sem var vel sóttur, en þær sjá allar um að úthluta styrkjum og embættum. Nominations-nefndin, sem er kosin til fjögurra ára, velur til að mynda alþjóðaforsetana þrjá og í 18 önnur æðstu embætti samtakanna, Golden Gift-nefndin velur konur til þátttöku á leiðtoganámskeið sem haldið er á tveggja ára fresti og Scholarship-nefndin úthlutar styrkjum til doktors- og mastersnema.

Á meðan hlé var gert á aðaldagskrá á fimmtudag og föstudag fluttu frábærar DKG-konur marga áhugaverða stutta fyrirlestra, „Breakout Sessions“. Ýmsir fagrir hlutir, skartgripir og minjagripir voru seldir á markaðstorgi og rann ágóðinn til DKG og ýmissa góðgerðamála. Íslensku konurnar létu ekki sitt eftir liggja því DKG-spilin sem Guðbjörg Sveinsdóttir, fyrrverandi forseti, lét hanna gerðu mikla lukku.



Klukkan 18.30 rann stóra stundin upp þegar Evrópuþingið var sett við hátíðlega athöfn og forsetar gengu inn með fánana. Marianne Skardeus Evrópuforseti setti þingið, aðstandendur ráðstefnunnar kynntu dagskrá, borgarstjóri bauð gesti velkomna til Borås, alþjóðaforseti DKG ávarpaði þingið og síðan var tónlistartriði. Eftir setningarathöfnina var *Svíþjóðarkvöld*, þar sem boðið var upp á léttar veitingar og miðsumarnæturstemningu með söng og þjóðdönsum.

Fimmtudaginn 6. ágúst mættu konur hressar og kátar í glæsilegan morgunverð fyrir allar aldir enda langur og strangur dagur fram undan. Dagurinn leið við þingstörf, kynningar á nefndum, stutta fyrirlestra og hádegisverðarfund. Síðdegis var farið í skoðunarferð í Navet Science Center, sem er stórmerkilegt tækni- og vísindasetur fyrir börn og unglinga. Um kvöldið var boðið upp á kvöldverð og sérlega glæsilega tískusýningu, kynningu á Milook-fatnaði, en fyrirtækið hannar fót fyrir allar stærðir kvenna undir einkunnarorðunum *Vertu stolt af sjálfri þér*. Meðal sýningarstúlkna voru nokkrar DKG-konur úr undirbúningsnefnd ráðstefnunnar, konur sem voru ekki alveg með það á hreinu hvar þær áttu að ganga og fara inn og út úr salnum, en það gerði sýninguna bara skemmtilegri. Í lokin gátu konur keypt fatnað og fóru margir Milook-pokar á ráðstefnuhótelinu þetta kvöld. Þannig lauk góðum degi.



Föstudagurinn 7. ágúst var fagur og hlýr og dagurinn tekinn snemma. Fyrirlesararnir, sem flestir voru sænskir, voru úr ýmsum geirum uppeldis- og menntamála. Fyrirlestrarnir voru um margvísleg uppeldis- og menntamál og má nálgast þá á vefsíðu þingsins <http://erc2015.weebly.com/>

Eftir hádegi var kynningarfundur um framhaldsskólamenntun í Svíþjóð. Síðdegis var boðið upp á tvær skoðunarferðir. Sú fyrri var í Textile Fashion Centre, sem opnað var fyrir ári. Miðar seldust fljótt upp og ekki höfðu allar verið svo forsjálar að ná sér í þá fyrir fram; undirrituð missti því miður af kynningunni. Í hinni ferðinni voru skoðaðar stytur bæjarins, sem má með sanni segja að lífgi upp á menningar- og hönnunarborgina Borås.



Um kvöldið var hátíðakvöldverður, en áður fengu konur stutta stund til að dubba sig upp í sitt fínasta þúss. Raðað var til borðs og konum dreift um salinn svo þær kynntust betur. Alþjóðaforseti og Evrópuforseti sáu um að kalla nýju forsetana á svið og kynna þá hátíðlega og fengu þeir að sitja saman. Borgarstjórinn í Borås, Lynn Palmén, flutti stutt ávarp. Dr. Lyn Babb Schmid, alþjóðaforseti DKG, hélt ræðu og síðan voru glæsileg tónlistartriði. Lúðrasveit lék skemmtilega útfærslu á DKG-söngnum og veislugestir dilluðu sér í takt við tónlistina. Var þetta ánægjulegt kvöld.

Laugardagur 8. ágúst

Að loknum aðalfundarstörfum var European Award veitt. Það er alltaf spenna í loftinu áður en ljóst er hver hlýtur heiðursnafnbótina og að þessu sinni féll hún í skaut hinni hollensku Trijny Schmidt du Moulin Dijkemaa. Hún er vel að henni komin og ríkti mikil ánægja með valið. Næsti Evrópufundur verður haldinn árið 2017 í Eistlandi. Eistnesku konurnar sýndu skemmtilega kynningarmynd og væri gaman að fjölmenna til Eistlands. Alþjóðaforsætinn dr. Lyn Babb Schmid þakkaði fyrir gott þing. Það hún konur að fjölmenna til Nashville 2016 á alþjóðþing DKG og sýndi sérlega skemmtilegt kynningarmyndband sem má sjá á dkg.org vefnum. Evrópuforsætinn Marianne Skardeus þakkaði í lokin fyrir gott þing og síðan gengu forsetar með fánana úr salnum.



Þegar kom að lokaathöfninni voru því miður margar kvennanna farnar. Kynnti Ingibjörg Jónasdóttir fyrir hönd Dagbjartar að Educators Award-verðlaunin hlyti bókina *It's Complicated: The Social Lives of Networked Teens* eftir Danah Boyd. Alþjóðaforsætinn dr. Lyn Babb Schmid kynnti að æðsta heiðursmerki samtakanna, International Achievement Award, hlyti að þessu sinni Carolyn H. Pittman frá Arkansas, sem er þekkt fyrir störf sín innan samtakanna. Hollensku konurnar færðu sænsku konunum lítið ljós frá Amsterdam þar sem Evrópuþingið var haldið 2013, og eiga þær að koma með það til Eistlands eftir tvö ár.



DKG-konur í doktors- eða mastersnámi!

Sækið endilega um styrk, umsóknarfrestur er til 1. febrúar 2016. Þetta eru góðir styrkir en engin umsókn kom frá Íslandi í fyrra og aðeins ein frá Evrópu. Hafið samband við Sigríði Rögnu Sigurðardóttur.



Marianne Skardeus þakkaði fyrrverandi forsetum fyrir vel unnin störf og aðstandendum þingsins fyrir frábæran undirbúning og sleit síðan þinginu. Þá var komið að því að þingkonur drifu sig í léttari klæðnað og litu aðeins í búðarglugga áður en haldið væri heim á leið eftir skemmtilegt þing og góðan félagsskap í Borås í Svíþjóð.

20. nóvember 2015
Sigríður Ragna Sigurðardóttir
Alfedeild
Scholarship Committee



Ert þú búin að ákveða hvað þú gerir í júlí 2016?

Ef ekki, getur þú skellt þér á ráðstefnu í Nashville í Tennessee 5.–9. júlí

<https://www.dkg.org/category/events/conventions>

DKG-spil

Notið tækifærið og kaupið spilin okkar góðu þegar ykkur vantar smágjöf. Þau eru til sölu í öllum deildum. Ágóðinn rennur í okkar sjóð.

Delta Kappa Gamma á Íslandi 40 ára



Það er óhætt að segja að samtökin okkar hafi haldið upp á fertugsafmælið með stæl. Frábært málþing um ungu nútímakonuna, móttaka hjá menntamálaráðherra og veisla um kvöldið. Fullt af afmælistveðjum víða að og skemmtilegir happdrættisvinningar.

Sigrún Klara Hannesdóttir setti málþingið, bar okkur kveðjur frá alþjóðasamtökunum og rifjaði upp tilurð samtakanna á Íslandi. Hópur kennara á öllum skólastigum stofnaði Alfa-deildina og hafði að leiðarljósi að gera það sem þeim kæmi vel út frá þörfum og áhuga. Sigrúnu Klöru er tamt að hugsa út í heim og það er ekki tilviljun að hún var fyrsta konan í Evrópu til að hljóta æðstu viðurkenningu samtakanna okkar. Hún hvatti okkur til að hugleiða hvort staðan væri ef til vill orðin það góð varðandi konur í leiðtoga- og stjórnunarstörfum að tímabært væri að horfa meira út á við, til þess hvernig við getum gert gagn í heiminum. Öll þrjú framsöguerindin sem á eftir komu voru sérstaklega áhugaverð og Kristín Jónsdóttir stýrði samkomunni með glæsibrag.



Auður Magnús Auðardóttir, félags- og kynjafræðingur og framkvæmdastjóri Samtakanna 78, fór með okkur út fyrir boxin sín. Hún sagði okkur frá breytingum sem hún hefði gert á lífi sínu til að vera trú skoðunum sínum gagnvart hlýnun jarðar og femínískum málefnum. Hún hefði selt bílinn og ákveðið að tala aldrei illa um líkama sinn, hvorki við aðra manneskju né með sjálfri sér eins og konur gerðu mjög mikið. Einnig hefði hún lagt sitt af mörkum til að minnka matarsóun í heiminum.



Kristín Vala Matthíasdóttir, efnaverkfræðingur, framkvæmdastjóri Auðlindagarðs HS Orku og formaður Jarðhitafélags Íslands, sagði okkur frá því hvernig hún ynni að því að skapa jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Mikilvægasta verkefni hennar væri að vera móðir þriggja sona sinna og við ráðningu hefði hún sett skilyrði sem meðal annars gerðu henni kleift að sækja á leikskóla til jafns við föður þeirra þótt hún byggi í Kópavogi og ynni á Suðurnesjum. Hún lagði áherslu á að konur væru eftirsóttar í tæknigeiranum og þar þætti mjög smart að hafa óléttu konu í vinnu.

Halla Kristín Einarsdóttir, kvikmyndaleikstjóri og aðjúnt í hagnýtri menningarmiðlun, hafði ekki sömu sögu að segja og Kristín Vala. Mikla fjármuni þyrfti til að gera kvikmyndir og



karlar ættu kost á að gera kvikmyndir í fullri lengd en konur þyrftu að láta sér nægja stuttmyndir og annað slíkt efni. En kvikmyndir hefðu mikil áhrif á lífsgildi og hugmyndafræði og því væri mikilvægt að þar birtust bæði sjónarhorn karla og kvenna.

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra tók á móti okkur í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu með góðum veitingum og það er ekki amalegt að eiga hamingjustund í þessu fallega húsi. Skólaakór Kársnesskóla, undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur, gladdi okkur með fallegum söng. Eygló Björnsdóttir, forseti DKG, veitti Þuríði Kristjánsdóttur, Jennu Jensdóttur, Þorbjörgu Kristinsdóttur, Margréti Schram og Sigrúnu Klöru Hannesdóttur viðurkenningu, en þær voru allar stofnfélagar í Alfadeildinni og eru enn starfandi í félaginu.



Þessum hátíðisdegi lauk eins og vera ber með dýrindis veislu undir stjórn Fannýjar Gunnarsdóttur. Salurinn flóði í rauðum rósum, maturinn var góður og félagsskapur góðra DKG-systra aldeilis frábær að vanda. Hallveig Rúnarsdóttir söng fyrir okkur við undirleik Hrannar Þráinsdóttur eftirminnilega blöndu af skemmtilegum lögum Tryggva M. Baldvinssonar við texta Þórarins Eldjárns og Óðnum til mánans úr Rúsölklu eftir Dvorak. Gamlar og nýjar ljósmyndir úr starfi DKG fengu líf og rifjuðu greinilega upp ljúfar endurminningar. Þórunn Björnsdóttir stýrði líflegum fjöldasöng og Sigríður Ragna Sigurðardóttir happdrætti með góðum vinningum.

Valgerður Magnúsdóttir, Kappadeild



Aðventuhugleiðing



Rithöfundurinn Tryggvi Emilsson lýsti undirbúningi jólanna eins og hann var fyrir um hundrað árum í bók sinni *Baráttan um brauðið*. Jólin voru undirbúin á imbrudögum, sem byrjuðu 17. desember, og þá var mikið sungið og glaðst við vinnuna bæði á daginn og kvöldin. Konurnar bættu föt og brutu saman og Tryggvi sat uppi á kofforti og las upphátt söguna *Jólabakstur í Engidal* sem birtist í Nýjum kvöldvökum vorið 1913. Tryggvi segir að þessi kvöld hafi verið gott að sofna út frá glöðum hugsunum í miðju myrkrinu sem grúft hafi yfir heiminum. Jólaundirbúningnum hafi verið að mestu lokið á Þorláksmessu, þá hafi laufabrauðið verið skorið og steikt ásamt kleinum og ástarpungum. Áður hafi verið lokið bökun á smákökum og tertum með sultutaui sem verið hafi á stærð við Steinsbiblíu. Auk þess hafi verið bakaðar margar jólakökur, hveitibrauð og pottbrauð, sem voru seydd rúgbrauð. Á aðfangadag hafi hangikjötið verið soðið og með því saltkjöt í matinn þann dag. Það hafi þótt lostæti.

Það er greinilegt á lýsingu Tryggva Emilssonar að dagana fyrir jólin ríkti meiri gleði í baðstofunni en venjulega og fólk vildi gera sér dagamun um jólin. Stemningin sérstaka í aðdraganda jólanna sem á þessum tíma stóð yfir í eina viku byrjar nú einhvern tíma á haustdögum. Auglýsendur keppast um athygli, segja okkur hvar jólin byrji, hver færi okkur þau og hvaða verslun sé mesta jólaverslunin. Sálfræðin segir að hið innra búi margar hugsanir og ólíkar tilfinningar á sama tíma og ég finn það vel þegar auglýsingapulir segja að jólin mín komi í IKEA. Þá kviknar innra með mér uppreisn, móttrói og jafnvel reiði og ég vil fá að vera í friði. Í seinni tíð styðst ég við jákvæða sálfræði sem kennir okkur að efla vellíðan og hamingju, beina sjónum að því jákvæða og sjá tækifæri í hlutunum. Þannig tekst mér að kveikja á hugsunum um að það sé klókt hjá IKEA að koma með jólavörurnar strax á þessum tíma og það hljóti að felast í þessu tækifæri fyrir þá sem versla. Ég þurfi ekkert að fara þangað frekar en ég vilji. Og auðvitað færi tónleikar mér jólin ef ég velji það sjálf.



Í bók sinni „Hugrækt og hamingja“ sem kom út í fyrra fjallar Anna Valdimarsdóttir sálfræðingur um huga okkar og tilfinningar. Hún bendir á að sálarlífið sé samsett úr mörgum ólíkum þáttum sem vinni misvel saman. Við hugsum okkur yfirleitt að einn hugur búi í hverjum líkama en ef til vill væri nær að segja að þar búi margir hugar sem þurfi stundum að ná samkomulagi. Þannig líður mér þegar ég hlakka til aðventu og jóla en finn líka fyrir öðrum og ólíkum tilfinningum. Anna bendir á að mannshugurinn hafi fundið snjallar lausnir á aðkallandi vandamálum og hafi líka fyllt líf okkar alls kyns þægindum og tækniundrum.



Anna vitnar í rithöfundinn góða Jón Kalman Stefánsson, sem orðar það á eftirfarandi hátt í bók sinni *Sumarljós og svo kemur nóttin*: „Sá sem vinnur við auglýsingar verður að geta sannfært okkur um að hið þarf lausa sé mikilvægt, og það gengur ljómandi vel því líf okkar er að smáfyllast af þarflausum hlutum og einkisverðum stundum; þægindin hlaðast að okkur, tæpast að höfuðið standi upp úr.“

Ég var einu sinni ein af þessum konum sem þrifu býsnin öll fyrir jólin, bakaði margar sortir og bjó til alls konar mat sem óþarflega mikið endaði á mínum eigin rassi. Ég fór að spyrja mig hvort ef til vill væri nær að eyða tímanum í annað og þannig hefur það orðið. Í anda jákvæðrar sálfræði má segja að ég hafi orðið hamingjusamari af því að leyfa mér að velja að gera annað með tíma minn. Ég er glöð þegar ég fæ aðstoð barnabarna við að baka mína einu smákökusort, sem er borin fram í bland við aðkeypt piparkökuhjörtu, mandarínur og góðan ost. Ég hef nógan tíma fyrir árlegt fréttabréf okkar hjóna, Skammdegisfréttir, sem kemur nú út í 26. sinn, og svo læðist ég meira að segja burtu í viku húsmæðraorlof. Mér hefur lærst að jólin komi og séu yndisleg þótt ég hafi ekki hamast kófsveitt við hreingerningar. Þegar efinn læðist að rifja ég upp orð konunnar mætu sem sagði að betri væru óhreinindi í hornum heldur en hreint helvíti.

Á þennan hátt hefur mér sumpart tekist að komast undan því sem einn kollegi minn kallar „vald ættanna“, sem ræður yfir okkur ef við látum of mikið stjórnast af hugsunum sem byrja á „ég ætti ...“ og „ég verð ...“. Sálfræðin býður upp á margvísleg úrræði við streitu og það er upplagt að nota þau á jólastressið. Um þessar mundir ber hæst *núvitund*, að beina athyglinni meðvitað að andartakinu sem er að líða. Að vita hvað er að gerast innra með okkur og utan við um leið og það gerist án þess að ætlast til að hlutirnir séu öðruvísi en þeir eru. Vakandi athygli eykur svo frelsi okkar til að velja viðbrögð okkar, því að fyrsta skrefið er að vita skýrt hvað er að gerast. Þegar kennd eru grundvallaratriði í núvitund er gjarnan ein rúsína höfð í munninum í nokkrar mínútur og á meðan lokum við augunum og beinum athyglinni að því hvað gerist. Hvernig við finnum bragð af rúsínunni, áferð og viðbrögð munnvatnskirtla og verðum vör við hugsanir sem vakna. Allt kallað fram af athygli sem við sýnum einni rúsínu og því sem gerist innra með okkur.

Óska ég ykkur öllum góðrar aðventu og gleðilegra jóla, kærur DKG-systur. Njótum hver með okkar eigin hætti.

Valgerður Magnúsdóttir, Kappadeild



Fréttamolar frá deildum

Alfa



Talsverð eftirvænting fylgdi starfi Alfadeildarinnar nú í haust. Merkisafmæli deildarinnar hefur verið okkur ofarlega í huga og sett hátíðlegan svip á starfið.

Fyrsti fundur vetrarins var haldinn í Borgarleikhúsinu. Þar rifjuðum við upp, í Orðum til umhugsunar, sögu Delta Kappa Gamma auk þess að hugsa með hlýju og þakklæti til þeirra íslensku kvenna sem ruddu brautina og stofnuðu Alfadeildina. Kynningarfulltrúi leikhússins hélt erindi og gekk auk þess um alla króka og kima Borgarleikhússins með okkur. Þessu til viðbótar var inntökuathöfn, sem alltaf setur hátíðlegan svip á fundina. Léttur og ljúffengur málsverður var síðan borinn fram og nutu Alfafreyjur þess að snæða saman í ljúfri nærveru hver annarrar.

Afmælishátíðin sjálf var svo næst á dagskrá. Þar fór saman metnaðarfullt málþing og skemmtileg samvera og má með sanni segja að afmælisnefndin hafi staðið sig með sóma. Um afmælishátíðina sjálfa væri hægt að skrifa langt mál; eftirminnileg erindi, fallegur söngur stúlknaðsins og fjöldasöngur, að ógleymdu bráðskemmtilegu happadrætti sem stjórnað var með glæsibrag. Það sem upp úr stendur hins vegar er góð samvera kvenna sem hafa vináttu, trúmennsku og hjálpssemi að leiðarljósi.



Aðventufundurinn var síðan haldinn í sannkölluðu vetrarveðri með tilheyrandi ófærð. Fundurinn var haldinn í Háaleitisskóla/Álftamýri og þar var borið fram dýrindis hangikjöt með öllu tilheyrandi. Orð til umhugsunar voru í höndum nýrrar félagskonu og er óhætt að segja að þar hafi sérhver orð hitt í mark og vakið til umhugsunar. Að auki kom rithöfundurinn og fyrirlesarinn Þorgrímur Þráinsson í heimsókn. Í stuttu máli sagði hann frá heimsóknum sínum í alla 10. bekki á öllu landinu síðastliðin fimm ár og hrifust deildarkonur mjög af hugsjón og eldmóði hans. Á aðventufundinum passar rauði liturinn og gylltu kertastjakarnir einstaklega vel og að honum loknum var gengið út á drifhvíta jörð með óskir um gleðilega hátíð og farsæld á nýju ári.

Alfadeildin, fyrsta deild DKG
samtakanna á Íslandi,
var stofnuð 7. nóvember 1975
í Reykjavík.

María Sólveig Héðinsdóttir, varaformaður.



Beta



Betadeild var stofnuð
þann 2. júní 1977.
Í henni eru konur frá
Akureyri og nágrenni.

Starfsárið 2015–16 hófst með haustferð, en að þessu sinni var ferðinni heitið fram í Eyjafjarðarsveit. Fyrsta stopp var hjá listakonunni Höddu, sem heitir fullu nafni Guðrún Hallfríður Bjarnadóttir og býr í Fífilbrekku. Hún byrjaði á að ganga með okkur um landareign sína, þar sem búið er að byggja hin ýmsu hús, stór og smá. Á einum stað er hún með býflugnarækt og sagði hún okkur ýmsar sögur í því sambandi. Eitt húsanna er með opnu eldstæði en í öðru er stór kamína sem heldur því heitu og þar hefur Hadda haldið námskeið. Bauð hún okkur í því húsi upp á heimagert fíflavín og te. Vinnustofan hennar heitir Dýngjan listhús og er glæsilegt hús þar sem hún er með vefstóla, listmuni og fleira. Eftir að hafa kvatt Höddu var haldið yfir á austurbakka Eyjafjarðarárinnar að Meðferðarheimilinu á Laugalandi. Þar var áður húsmæðraskóli en er nú meðferðarheimili fyrir stúlkur á aldrinum 13-18 ára. Tveir starfsmenn tóku á móti okkur og ein stúlka sem þar dvelur. Þar fengum við fræðslu um það frábæra starf sem þar er unnið, en fæstar okkar vissu mikið um það. Eftir kynninguna héldum við á veitingastaðinn Lamb-inn, þar sem hinn formlegi fundur hófst. Eftir fund var snæddur dýrindis kvöldverður þar sem lambakjöt og bleikja var á boðstólum.

Tveir aðrir fundir hafa verið það sem af er vetri og fengum við góða gesti í heimsókn á þá báða. Þemað í vetur er það sama og síðasta starfsár og ber það yfirskriftina „Móðir jörð“.

Á fyrri fundinum var gestur kvöldsins Gígja Kjartansdóttir Kvam, sem fræddi okkur um fyrirtæki sitt Urtasmiðjuna. Fyrirtækið hefur hún starfrækt í 25 ár, en það framleiðir snyrtivörur úr íslenskum jurtum. Hún byggir það á arfleifð frá ömmu sinni og mömmu, sem spáðu mikið í ýmiss konar jurtir og ólu hana upp í þeim anda. Það var notaleg og góð kvöldstund sem við áttum með Gígju.

Gestur á seinni fundinum var Valgerður Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Norðurlandsskóga, sem ræddi um skógrækt á Íslandi og mikilvægar staðreyndir í tengslum við hana. Þetta var áhugavert og skemmtilegt erindi.

Í byrjun desember verður sameiginlegur jólafundur hjá Beta- og Mýdeild. Á þeim fundi ætla konur að gæða sér á góðum jólaréttum, hlýða á tónlist og tal og eiga notalega stund saman. Þessi skemmtilega hefð skapaðist árið 2011 og hefur verið viðhaldið síðan.

Framundan er áhugaverður vetur hjá okkur í Betadeild þar sem við höldum áfram að vinna eftir þemanu okkar.

Björk Sigurðardóttir, formaður.



Jólaskemmtun

Ég var álfaprinsessa
kjóllinn minn var hvítur
og saumuð á hann pappírslóm
álfaprinsinn kyssti mig
og bauð mér sæti
við hlið sér
áhorfendur klöppuðu
og við hneigðum okkur
áður en tjaldið féll

seinna vildi álfaprinsinn
kyssa mig í húsasundi
og fékk að launum kinnhest
sem allur bekkurinn hló að

Ingibjörg Haraldsdóttir
(Úr „Ljóð 1974-1991“ frá árinu
1991)



Gamma

Gammadeild var stofnuð
þann 5. júní 1977.
Í henni eru konur frá
Reykjavík og nágrenni.

Gammadeild hefur haldið áfram að beina athygli að konum sem hafa sýnt frumkvæði og/eða tekist á hendur leiðtogahlutverk frá síðasta vetri. Við höfum hitt glæsilegar konur sem hafa haslað sér völl á mörgum og ólíkum sviðum.

Mánudaginn 28. september kl. 17 tók Steinunn Þórarinsdóttir myndlistarkona á mótí okkur í vinnustofu sinni. Hún sagði okkur frá því hvað leiddi hana út í námið sem hún valdi sér og starfið sem hún tókst á við, og sýndi okkur verk sín. Fundarstörf fóru fram í Safnahúsinu við Hverfisgötu ásamt súpu, brauði, kruðirí og kaffi. Vilborg Dagbjartsdóttir skáldkona las úr nýútkomnu ljóðasafni sínu.

Miðvikudaginn 21. október hittist Gammadeild í Hvassaleitis-skóla. Kristín Ástgeirsdóttir sagði okkur eilítið um sjálfa sig og starf sitt sem framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, en aðalumræðu-efni hennar var kosningaréttur kvenna og 100 ára afmæli hans. Framsagan var mjög fróðleg og fundarkonur spurðu margs. Edda Vikar sálfræðingur flutti orð til umhugsunar um ró hugans og flutti vögguvísu eftir Jakobínu Johnsen um barnið sem leiðir og kennir.

Fimmtudaginn 19. nóvember hittist deildin heima hjá Anh-Dao Tran í Kópavogi. Anh-Dao sagði okkur frá doktorsverkefni sínu um virkjun auðlinda nemenda af víetnömskum uppruna. Út frá erindinu spunnust fjörugar umræður um stöðu innflytjenda í íslensku skólakerfi. Hrefna Þórarinsdóttir flutti orð til umhugsunar um bættu aðstöðu í barnaverndarmálum.

Fimmtudaginn 10. desember verður jólafundur á heimili Svönu Friðriksdóttur. Rithöfundurinn Auður Ava Ólafsdóttir kemur í heimsókn.

Fyrsti fundur Gammadeildar á árinu 2016 verður haldinn fimmtudaginn 14. janúar. Þá heimsækjum við Vigdísi Jónsdóttur, skjalavörð Alþingis. Vigdís segir okkur frá námi sínu og starfi og sýnir okkur Alþingishúsið.

Annar fundur ársins verður haldinn mánudaginn 15. febrúar á heimili Árnýjar Elíasdóttur. Árný og samstarfskona hennar segja okkur frá fyrirtæki sínu, Attentus.

Kristín Bjarnadóttir, formaður.



Delta



Við Deltakonur hófum starfið á því að fara í Skorradal og heimsækja Fitjar í september. Hulda Guðmundsdóttir sýndi okkur staðinn og fræddi okkur um þessa fallegu kirkju- og skógræktarjörð. Sungum við tvo sálma í kirkjunni við undirleik Gyðu Bergþórsdóttur. Síðan var fundað og farið yfir starf vetrarins, Sigurveig Sigurðardóttir kveikti á kertunum og Halldóra Jónsdóttir fór með orð til umhugsunar. Kynnt voru Delta-spil sem við ætlum að selja, gjaldkeri fór aðeins yfir fjármálin og happdrættið var á sínum stað. Konur fóru að venju heim glaðar í bragði og ekki spillti hve veðrið var gott.

Við mættum sjö Deltakonur á afmælishátíðina 7. nóvember. Fyrirlestrarnir voru einstaklega skemmtilegir, ólíkir og fróðlegir.

Í nóvember funduðum við í Húsafelli. Gyða Bergþórsdóttir kveikti á kertum og Inga Stefánsdóttir fór með orð til umhugsunar. Helga Gunnarsdóttir mun hætta í Delta vegna veikinda og Hildur Þorsteinsdóttir verður óvirkur félagi. Við hittum Eddu Arinbjarnardóttur, móttökustjóra nýja hótelsins, sem fræddi okkur um *Sögu jarðvang* sem er í innsveitum Borgarfjarðar. Það var fróðlegt og áhugavert að fylgjast með jarðasögu og tengslum hennar við menningu í héraðinu.

Eftir áramótin er stefnt á sameiginlegan fund með Kappadeild, 24. febrúar.

Við verðum með fund á Bifröst 12. apríl þar sem við munum fá erindi frá Önnu Elísabetu Ólafsdóttur aðstoðarrektr.

Við endum vetrarstarfið á Akranesi í maí með aðalfundi og stjórnarskiptum.

Theodóra Þorsteinsdóttir, formaður.

Deltadeild var stofnuð
þann 5. júní 1987.
Í henni eru konur á
Vesturlandi og suður til
Reykjavíkur.



Kappa



Fyrsti fundur Kappadeildar starfsárið 2015-16 var haldinn heima hjá Ingibjörgu Guðmundsdóttur þann 22. október. Gunnlaug Hartmannsdóttir formaður kynnti starfsáætlun vetrarins og er þema vetrarins „Verum virkar – styrkjum starfið“. Stjórnin lagði til að haldnir yrðu sex hefðbundnir fundir Kappadeildar á þessu starfsári en hvatti Kappasystur einnig til að sækja viðburði á vegum landsambandsstjórnarinnar, s.s. hátíðardagskrána 7. nóvember vegna 40 ára afmælis samtakanna og vorþingið sem haldið verður 30. apríl 2016. Skipulag funda í vetur verður með breyttu sniði, þannig að nokkrar félagskonur bera ábyrgð á hverjum fundi, skipuleggja hann og ákveða viðfangsefni. Þar með verða allar virkar í anda þema starfsársins. Á fundinn voru mættir tveir góðir gestir sem hefur verið boðið að ganga til liðs við deildina. Aðalefni fundarins var fyrsti hluti svokallaðs „Stjórnunám-skeiðs“ sem var þýtt og staðfært af DKG-systur, Sigrúnu Jóhannesdóttur. Gunnlaug formaður og Valgerður Magnúsdóttir höfðu aðlagð námskeiðið lítillaga fyrir Kappadeildina. Markmiðið með námskeiðinu er að leita leiða til að efla starfsemi deildanna, samkennd og samhygd. Fundarkonum var ýmist skipt í pör eða unnu þrjár saman að verkefnum, og þarna spruttu bæði góðar umræður og hlátrasköll. Niðurstaðan var svo tekin saman og kynnt.



Annar fundur vetrarins, jólafundurinn, var haldinn fimmtudaginn 26. nóvember á heimili Sigrúnar Kristínar Magnúsdóttur. Auk venjubundinnar dagskrár voru gestirnir okkar frá síðasta fundi, þær Ingibjörg Kristleifsdóttir, formaður Félags stjórnenda leikskóla, og Ragnheiður Axelsdóttir, kennsluráðgjafi í Reykjavík, teknar formlega inn í Kappadeildina og boðnar innilega velkomnar. Eftir það kom Kolbrún S. Ingólfsdóttir, sagnfræðingur og rithöfundur, í heimsókn og las upp úr nýútkominni bók sinni, „Þær ruddu brautina“. Í þessari stórfróðlegu bók er að finna æviágrip kvenna sem hófu baráttuna víða um heim og ruddu brautina fyrir kvenfrelsisbaráttu seinni ára. Að vanda skiptumst við á jólapökkum, sungum jólalög og glóddumst saman á margvíslegan hátt.

Á nýju ári eru framundan fjórir fundir auk vorþings Landssambandsins. Þetta er síðasta starfsár núverandi stjórnar en ný stjórn verður kosin á vorfundi Kappadeildar þann 19. maí.

Sólborg Alda Pétursdóttir og Valgerður Magnúsdóttir.

Kappadeild var stofnuð
28. mars 2007.
Í henni eru konur af
höfuðborgarsvæðinu, flestar úr
Hafnarfirði, Kópavogi og
Garðabæ.

Epsilon



Dagskrá Epsilondeildar hófst 24. október með fyrsta fundinum, sem var í Listasafni Árnesinga. Efni fundarins var að skoða sýninguna Gullkistuna.

Á móti okkur tók Alda Sigurðardóttir og sagði hún okkur svo skemmtilega frá þessu metnaðarfulla verkefni, sem við vissum margar okkar ekkert um þótt starfsemin sé hérna í næsta nágrenni. Tuttugu ár eru síðan þær Alda Sigurðardóttir og Kristveig Halldórsdóttir stóðu fyrir listahátíð á Laugarvatni, þar sem þær voru búsettar. Tíu árum síðar efndu þær til annarrar sýningar og í framhaldi af því kviknaði hugmyndin af því að hafa dvalarstað fyrir skapandi listamenn. Úr varð Gullkistan – miðstöð sköpunar, sem hefur aðalaðsetur í gömlu tjaldmiðstöðinni. Í tilefni af 20 ára afmæli Gullkistunnar var sett upp sýning í Listasafni Árnesinga á nýlegum verkum 24 listamanna sem hafa tengst Gullkistunni. Sýningin var samstarfsverkefni Listasafns Árnesinga og Gullkistunnar. Eftir samveruna í Listasafninu fórum við á Hoflandsetrið og snæddum léttu máltíð. Sigríður Guttormsdóttir sagði okkur þar frá Landssambandsþinginu sem hún fór á í vor og Evrópuráðstefnunni í Borås í Svíþjóð.

2. fundur deildarinnar var afmælisþingið sem við tókum þátt í með Delta Kappa Gamma systurum okkar. Þær okkar sem mættu þar voru allar sammála um að það hefði tekist mjög vel og fyrirlestrarnir verðu einstaklega athyglisverðir og eftirminnilegir.



3. fundurinn verður haldinn í Hveragerði 10. desember klukkan 18, nánar tiltekið í Mjólkurbúinu. Þar ætlum við að skapa notalega jólastemningu og til okkar kemur Ninna Sif Svavarsdóttur, sóknarprestur á Selfossi, til að spjalla við okkur um aðventuna og jólin. Allar koma með eitthvað til að leggja á borð.

4. fundur verður í janúar á Hótel Eldhestum, þar sem við munum spjalla um jólabækurnar. Þessi fundur er alltaf mikið tilhlökkunarefni, þar sem margar okkar eru góðir sögumenn og við fáum gott yfirlit yfir helstu bækurnar.

5. fundur 10. mars. Rósa Marta Guðnadóttir mun segja okkur frá meistaraþrófsverkefninu sínu, „Kynngi orðsins. Rannsókn á miðlun menningararfsins í framhaldsskólum“. Rósa Marta rannsakaði hvernig menningararfi þjóðarinnar, Íslendingasögunum og Eddukvæðunum er miðlað í framhaldsskólunum.

Starfinu lýkur hjá okkur á vorferð í maí.

Erna Ingvarsdóttir, formaður.

Epsilondeild var stofnuð 1989 og starfar hún á Suðurlandinu.



Mý



Á vormánuðum ákvað stjórn Mýdeildar að vera ekki með eiginlegt þema, heldur leggja áherslu á gæðastundir; gefa innbyrðis tengslum tækifæri til að eflast og styrkjast og leita frekar til kvenna innan deildar til að vera með innlegg. Eins lagði stjórnin áherslu á að reynt yrði að gera fundaraðstöðuna sem fyrir valinu yrði sem notalegasta og passa að upp-röðun á fundunum hvetti til samræðna og samheldni innan hópsins. Haldnir voru fjórir fundir á vormánuðum.

Á fyrsta fundi í haust var konum skipt í hópa með það að markmiði að koma fram með áhugaverð viðfangsefni fyrir veturinn. Stjórnin tók svo saman punktana frá haustfundinum og ákveðið var að fundarhópar hefðu val um eftirfarandi hugmyndir til umfjöllunar á sínum fundi. Í vetur verða sjö fundir. Nú þegar höfum við fundað tvisvar og fram undan er svo jólafundur sem haldinn er í samstarfi við Betadeild.

Mýdeild var stofnuð 2011 og starfar á Norðausturlandi.

Viðfangsefnin eru:

1. Núvitund, að huga að sjálfum sér, mörg og ólík hlutverk í dagsins önn.
2. Fjölmening í víðum skilningi.
3. Menntakerfið, heldur það í við breytingar í þjóðfélaginu?
4. Menntamál, með læsi í forgrunni.
5. Er grunnskólinn að búa nemendur sína undir líf og starf í nútímapjóðfélagi?

Viðfangsefnin hafa mælst vel fyrir og höfum við þegar fengið fræðslu um hlutverk tónlistarskólans í starfi Menningarfélags Akureyrar og núvitund.



Konur í Mýdeild eru duglegar að afla sér frekari menntunar og láta til sín taka í samfélaginu. Höfum við á þessu starfsári meðal annars eignast einn doktor og einn meistara í okkar röðum. Birna María Brattberg Svanbjörnsdóttir varði doktorsritgerð sína, *Forysta og teymisvinna í nýjum skóla: Þróun lærdómssamfélags*, við Uppeldis- og menntunarfræðideild Háskóla Íslands. Guðný Sigríður Ólafsdóttir lauk M.ed.-gráðu frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands í júní 2015. Meistaraverkefni hennar er rafbók til að nota við læsiskennslu, og greinargerð. Að auki eru nokkrar konur á endasprettinum í sínu meistaránámi.





Jafnframt hafa konur innan okkar deildar látið til sín taka í menningarlífinu. Meðal annars má nefna að Ragnheiður Þórsdóttir, sem kjörin var bæjarlistarmaður Akureyrar 2014, opnaði í september glæsilega sýningu í Listasafninu á Akureyri, Ketilhúsi, sem kallaðist Rýmispræðir. Dagbjört Ásgeirsdóttir gaf í nóvember út nýja barnabók „Gummi og huldufólkið“, sem er fimmta bókin í bókaröðinni um hann Gumma. Þær Ásdís Arnardóttir og Petrea Óskarsdóttir hafa tekið þátt í fjölmörgum tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Ragnheiður Júlíusdóttir hefur verið dugleg að gleðja fólk víðs vegar á Norðurlandi með fögrum tónum á fjölmörgum tónlistarviðburðum.

Ingibjörg Magnúsdóttir, formaður.



**Vorþingið okkar verður haldið
í Reykjavík 30 apríl 2016.**

**Ert þú búin að taka daginn
frá?**



Lambda

Á vordögum var hugarflugsfundur Lambdasystra í Grasa-garðinum um viðfangsefni deildarinnar, sem stjórnin setti síðan inn í fundarskipulag vetrarins. Formannsskipti urðu í vor þegar Kolbrún Pálsdóttir fór í leyfi og flutti til Bandaríkjanna í eitt ár. AlmaDís Kristinsdóttir tók við af henni til áramóta, þegar hún fer í leyfi til Hollands. G. Þóra Vilhjálmsdóttir tók við formennsku á síðasta fundi haustsins. Stjórn skipa auk G. Þóru: Linda Brá, Sigurborg og Bjartey sem kemur inn fyrir Ölmudís.



Fyrsti fundur vetrarins var haldinn 8. september heima hjá Sigurborgu Kristjánsdóttur. AlmaDís sagði frá Evrópuþinginu í Borås í Svíþjóð sem hún sótti 7. ágúst sl. og flutti þar erindi í tengslum við doktorsverkefni sitt. G. Þóra var með öflug orð til umhugsunar sem tengdust 100 ára afmæli kosningarréttar kvenna. Hún tengdi afmælið og viðhorf ungs fólks til kosningarréttar í dag og las upp áskorun kvenna til Alþingis frá árinu 1915 sem var mjög fróðleg.

Annar fundur vetrarins var haldinn 17. október. Var listakonan Inga Elín heimsótt á verkstæði sitt við Seljaveg og sagði hún frá vinnu sinni sem keramikker í 27 ár. Þaðan var rölt á Brugghúsið Bryggjuna og dýrindis súpa borðuð. AlmaDís setti fundinn og sagði frá ýmsum praktískum málum. Kallað var eftir aðstoð við vorþingið, sem haldið verður í Reykjavík 30. apríl 2016, og gáfu tvær konur sig fram. Ólafía Guðmundsdóttir var með afar fróðleg orð til umhugsunar um mat og matarmenningu.

Þriðji og síðasti fundur haustsins var haldinn 25. nóvember heima hjá Gerði Magnúsdóttur og var mæting mjög góð. Þetta var jafnframt jólafundur Lambdasystra. Eygló Ingólfsdóttir sagði okkur frá Specialisterne og starfi sínu sem fagstjóri á starfsbraut fyrir einstaklinga á einhverfurófinu við Menntaskólann í Kópavogi. Jólakræsingar voru í boði þriðja árs nema á Matreiðslubraut MK. Fengnar voru þrjár konur í uppstillinga-nefnd: Aldís Ebba, Gerður og Ólafía. Orð til umhugsunar var að þessu sinni upplestur úr bókinni *Litlar byltingar* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur.

Fundir vorsins eru eftirfarandi:

- 19. janúar 2016 – háskólasamfélagið,
- 18. febrúar 2016 – heimspeki, börn/kennsla,
- 5. apríl 2016 – læsi og vinna að markmiðum Hvítbókar, og
- 25. maí 2016 – vorslútt.

Með jólakveðju, stjórn Lambdadeildar

Lambdadeildin var
stofnuð
í Reykjavík
28. október 2010.

Zeta



Fyrsti fundur hjá okkur í Zetadeildinni var haldinn á Egilsstöðum 28. september. Deildin setur upp sex fundi yfir veturinn og setti stjórn niður skipulag þar sem fundir eru í umsjón félagsmanna. Félagsmenn í Zetadeildinni eru dreifðir um Austurland, frá Egilsstöðum, Stöðvarfirði, Reyðarfirði, Eskifirði og Norðfirði. Fundirnir eru haldnir á mismunandi stöðum sem umsjónarmenn funda ákveða. Fyrsti fundurinn var í umsjón stjórnar og þar var nýr félagi tekinn inn í deildina, Hildur Vala Þorbergsdóttir. Formaður sagði frá fulltrúaráðsfundi og Ruth var með orð til umhugsunar. Síðan sagði hver félagsmaður frá sér og uppruna sínum. Við komum úr öllum áttum og skemmtilegt er að fræðast hver um aðra.

Annar fundurinn var haldinn í Neskaupstað, en þar var Helga Steinsson með orð til umhugsunar og fjallaði um alþjóðasamtök kvenna sem héldu upp á 100 ára afmæli í vor. Eftir mat fórum við og fengum kynningu á Listasmiðju Norðfjarðar, sem samanstendur af áhugahópi fólks um hvers kyns list og listsköpun. Það var mjög áhugavert að sjá aðstöðuna, en hópurinn hefur verið til húsa í rúm 20 ár í gömlu húsi sem var í upphafi flutt inn frá Noregi og er að nálgast að verða 100 ára.



Næsti fundur verður haldinn á Egilsstöðum 1. desember til heiðurs fullveldinu. Þar verður Guðrún Schmidt hjá Landvernd gestur og fjallar um sjálfbærni í skólum og skólaumhverfi. Hún var að ljúka mastersnámi frá háskóla í Þýskalandi og mun kynna verkefnið sitt fyrir okkur. Aðalnámsskrá grunnskóla á Íslandi um sjálfbærni fléttaðist þar inn í.

Við verðum síðan með þrjá fundi eftir áramót; í febrúar, apríl og maí. Eins og þið sjáið er dagskráin hjá okkur fjölbreytt og spennandi.

Við sendum kærar kveðjur frá Zetadeildinni á Austurlandi.

Sigríður Herdís Pálsdóttir, formaður.

Zetadeild var stofnuð
1. júní 1990 og
starfar á Austurlandi.
Eru félagskonur frá
Fljótsdalshéraði og neðan af
fjörðum.



Iota



Iotadeild var stofnuð
5. júní 2004
og starfar hún á
norðanverðum Vestfjörðum.



Vetrarstarf Iotadeildar hófst í byrjun október og hafa það sem af er vetri verið haldnir þrír fundir. Meginþema vetrarins er menntarannsóknir kvenna, en á hverjum fundi fáum við konur sem hafa verið að ljúka meistaraverkefnum sínum til að kynna þau.

Í nóvember kom Iwona Samson á fund til okkar og kynnti niðurstöður verkefnis síns um viðhorf pólskra foreldra til leikskólastarfs, en rannsóknin var hluti af meistaraverkefni hennar frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Í desemberbyrjun kom svo Heiðrún Tryggvadóttir og fjallaði um nýsköpun og stjórnun, en Heiðrún var nú í haust að ljúka meistaranaði frá Menntavísindasviði með áherslu á nýsköpun. Meðfylgandi mynd er einmitt frá fundinum þar sem konur tóku þátt í sykurpúðaáskorun.

Áætlaðir eru fjórir fundir á vorönn og mun sá fyrsti verða eins og hefð er fyrir, bókafundur.

Það er ánægjulegt að segja frá því að Iota deildin hefur nú boðið fimm nýja meðlimi velkomna og munu þær væntanlega verða teknar inn á fyrsta fundi nýs ár. Eins og gengur og gerist er hreyfing á fólki og við höfum því miður misst nokkrar félagskonur í burtu frá okkur. Það er því sérlega ánægjulegt hversu vel konur taka því að vera boðinar í félagsskapinn.

Í sumar missti Iotadeildin eina af félagskonum sínum er Ingibjörg Sigríður Guðmundsdóttir lést. Inga Sigga, eins og hún var ávallt kölluð, hafði starfað með okkur í mörg ár og þrátt fyrir mjög erfið veikindi undanfarin tvö ár hafði hún sinnt því starfi með sóma. Við minnumst Ingu Siggu með mikilli hlýju og virðingu.

Iotadeildin sendir kærar kveðjur til allra DKG kvenna og óskar öllum gleðilegra jóla.

Kristín Ósk Jónasdóttir, formaður.

Eta



Í Etadeild eru að jafnaði sex fundir á ári, skipulagðir af stjórn og hópum Etakvenna. Fundarstaðir eru vinnustaðir og veitingahús eftir aðstæðum hverju sinni. Leiðarljós okkar í ár er að efla faglegan og félagslegan þroska með fræðslu um það sem er efst á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnmálum og menntamálum. Við höfum m.a. horft til þess að fá til funda konur sem hafa farið ótroðnar slóðir, rutt brautina og náð árangri í lífi og starfi.

Undir áhrifum vorkundar þar sem Hulda Þórisdóttir, doktor í félagslegri sálfræði og kennari við Háskóla Íslands, tók fyrir umræðuhefðina í samfélaginu hófst vetrarstarf Etadeildar miðvikudaginn 30. október. Gestur fyrsta fundar var Jón Ólafsson, prófessor í heimspeki og stjórnarmaður í Gagnsæi, samtökum fólks sem vill berjast gegn spillingu í öllum grunnstoðum samfélagsins. Jón fór m.a. yfir tilgang og markmið Gagnsæis og hvernig auka mætti gagnsæi og vitund fólks um spillingu og spillingarhvata. Innlegg hans var áhugavert og kveikti líflegar umræður. Orð til umhugsunar voru um reynsluheim menntaskólastúlku þar sem Stefanía Valdís dró fram myndir af heimavistarlífi í MA og því sem mótaði sjálfsmynd unglingsstúlkna fyrir hálfri öld.

Nóvemberfundi var frestað þar sem hann var dagsettur mjög nærri afmælishátíð DKG, og eru því áætlaðir fjórir fundir á vormisseri.

Jólafundur verður með hefðbundnu sniði hinn 1. desember. Þar njótum við samveru og fáum í heimsókn rithöfund, sem að þessu sinni verður Auður Jónsdóttir með sína nýjustu bók.

Með góðum óskum um farsæld og frið,

Bryndís Guðmundsdóttir, formaður.

Etaeild var stofnuð
þann 6. júní 1997.
Í henni eru konur frá
Reykjavík og nágrenni.



Peta



Petadeild var stofnuð
þann 26. nóvember 1998.
Petasystur eru frá
Suðurnesjum.

Vetrarstarfið í Petadeild hófst mánudaginn 28. september síðastliðinn, en alls eru þrjú fundir á haustmisseri.

Við ákváðum að vera með örlitla sögutengingu í tilefni af 100 ára kosningaafmæli kvenna með því að skoða texta eftir Mörtu Valgerði Jónsdóttur, sem skrifaði og gaf út yfir 100 greinar um lífið í Keflavík í upphafi síðustu aldar. Á þeim tíma var fátækt mikil, vinnan erfið og stopul, heimilisstörfin þung, allt þurfti að nýta og endurnýta og lítil heilsugæsla var í boði. En þrátt fyrir þessar erfiðu aðstæður kunnu margir þorpsbúar, að sögn Mörtu, svo ágætlega að lifa lífi sínu sjálfum sér og öðrum til gagns og gleði.

Við fræddumst líka um mastersverkefni Elínar Rutar Ólafsdóttur, námsráðgjafa og Petasystur, um mikilvægi stuðnings foreldra fyrir unglunga í framhaldsskóla. Þá var rætt um tíma og tímaleysi og Stóru-Vogaskóli heimsóttur.

Síðasti fundur ársins er 30. nóvember, en þar verður áhersla lögð á að eiga saman friðsæla samverustund með tónlistarívafi.

Sigrún Ásta Jónsdóttir, formaður.



Minning

Rannveig Löve

F. 29. 06. 1920 - d. 13.09. 2015

Rannveig Löve andaðist 13. september síðastliðinn, 95 ára aða aldri. Hún var einn af stofnendum Gammadeildarinnar 1977 og sat bæði í stjórn deildarinnar og í stjórn Landssambandsins.

Rannveig hafði allt frá því að hún var sjálf í barnaskóla viljað verða kennari – og fá sömu laun og karlmenn. Mér finnst þetta segja allt um viðhorf hennar til fræðslu og jafnréttis.

Rannveig fékk berkla þegar hún var í Kennaraskólanum og varð að hætta námi, fór í „höggningu“ og var metin öryrki, en tók það ekki í mál. Hún hélt áfram námi og lauk bæði handavinnu-kennaranámi og almennu kennaraprófi, sem þá var orðið fjögurra ára nám. Prófi í sérkennslu við Statens Speciallærerskole í Osló lauk hún 1967. Seinna fór hún í Háskóla Íslands og lauk BA-námi í í dönsku og bókmenntum. Menntauprá hennar var mikil og viljakrafturinn óþrjótandi.

Rannveig var lengst af kennari í Melaskólanum og þar kom hún á fót fyrsta lesverinu. Hún var óþreytandi við að útbúa lesefni sem hentaði hverjum nemanda og gera hann sjálfbjarga í lestri. Það leiddi líka til þess að hún fór að vinna með öðrum að útgáfu á kennslubókum í lestri, sem voru á þeim tíma nýstárlegar bækur. Einnig samdi hún – líka með samkennurum sínum – og gaf út mörg æfingarhefti í lestri og þegar hún var komin á eftirlaunaaldur var hún enn að vinna að léttlestrarbókum, sem alltaf er þörf fyrir. Hún var sagnakona og átti auðvelt með að endursegja ævintýri og þjóðsögur á svo léttu máli að yngstu lesendurnir réðu við það.

Á árunum 1981-96 vann Rannveig á fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis og miðlaði kennurum af reynslu sinni í byrjendalestri.

Rannveig var í þeim hópi berklasjúklinga sem skipulagði vinnuhæli fyrir berklasjúklinga að Reykjum 1944. Það var afrek berklasjúklinga sjálfra, þeir vissu að nauðsynlegt var að vinna á vernduðum vinnustað áður en farið væri út í atvinnulífið. Það fékk seinna nafnið Reykjalandur og hefur nú vaxið upp í stóra og alhliða meðferðarstofnun. Hún var alltaf mjög virk í SÍBS og sat í stjórn þess og hafði mikinn metnað fyrir starfinu á Reykjalandi.

Rannveig var litríkur eldhugi og hafði mörg áhugamál. Það var gaman að vera samvistum við hana, t.d. á ferðalögum. Hversdagslegustu atvik gátu orðið að ógleymanlegum ævintýrum með henni.

Pálína Jónsdóttir



*Stefnuyfirlýsing Delta Kappa Gamma
Alþjóðasamtökin Delta Kappa Gamma
studla að auknum fræðilegum og
persónulegum þroska kvenna í
fræðslustörfum og gæðum í menntun og
uppeldisstörfum.*



Delta Kappa Gamma, Íslandi

Haustfréttabréf 2015



*Heimasíðan okkar er:
<http://dkg.muna.is>*

*Heimasíða alþjóðasamtakanna er:
<http://dkg.org>*